

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 258/1994.

Guðmundur Kr. Guðmundsson

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Víxilmál. Sýning víxils til greiðslu. Gjaldldagi. Fyrning víxilréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1994. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti lýsti stefndi yfir því, að hann féllist á, að áritun um gjaldldaga á víxilinn, sem deilt er um í málinu, hefði ekkert gildi. Unir hann því við niðurstöðu héraðsdóms um þetta atriði.

Víxill sá, er stefndi reisir kröfu sína á, er eiginvíxill, en um þá gilda sérreglur þrettánda kapitula víxillaga nr. 93/1933. Stefndi glataði ekki víxilrétti sínum á hendur áfrýjanda, þótt hann sýndi ekki víxilinn til greiðslu innan þess eins árs frests frá útgáfudegi 28. desember 1990, er getur í 1. mgr. 34. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 1. mgr. 53. gr., 1. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 78. gr. sömu laga. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Verður áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Kr. Guðmundsson, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars 1994.

Mál þetta, sem var dómtekið 22. febrúar 1994, er höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 28. september 1993, af Íslandsbanka hf., kt. 421289-2639,

Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, á hendur Guðmundi Kr. Guðmundssyni, kt. 160537-4269, Hellulandi 2, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 433.422 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. júní 1993 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og virðisaukaskatti af málflutningsþóknun. Krafast er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru, að krafast er sýknu af kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður og tillit tekið til virðisaukaskatts.

I.

Stefnandi kveður dómkröfur sínar vera vegna skuldar samkvæmt eiginvixli, að fjárhæð 433.422 kr., út gefnum í Reykjavík 28. desember 1990 af stefnda, Guðmundi, til greiðslu 15. júní 1993 í Íslandsbanka hf., Reykjavík. Hafi afsögn víxilsins verið óþörf.

Í málflutningi sínum lagði lögmaður stefnanda áherslu á, að víxillinn hefði verið með gjalddaga, þegar stefnt hefði verið. Um sé að ræða tryggingarvixil, sem eðli málsins samkvæmt komi til innheimtu, ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Var því með öllu hafnað, að um sýningarvixil væri að ræða. Ef víxillinn hefði átt að vera sýningarvixill, hefði mátt skrá það á víxillinn eða setja þak á sýningarfrést. Með afhendingu víxilsins hafi víxilhafa verið veitt umboð, sbr. 10. gr. víxillaga, til þess að fylla víxilinn út með því að skrá á hann gjalddaga, og það hafi hann gert í júnímánuði, eftir að hann hafði sent stefnda viðvörðun um, að það yrði gert.

Stefnandi kveðst höfða málið á grundvelli víxillaga nr. 93/1933, og sé það rekið samkvæmt þeim lögum og XVII. kafla laga nr. 91/1991. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styðjist við reglur III. kafla laga nr. 25/1987.

Krafa um málskostnað sé studd 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, en krafa um virðisaukaskatt af honum sé reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að samkvæmt 2. mgr. 76. gr. víxillaga nr. 93/1933 teljist eiginvixill, sem ekki hafi tilgreindan gjalddaga, gjaldkræfur við sýningu. Sýning skuli fara fram innan árs frá útgáfudegi skv. 34. gr. víxillaga.

Vixill sá, sem hér sé krafast, hafi ekki verið sýndur á tilskildum fresti, ekki fyrr en u. þ. b. hálfu þriðja ári eftir útgáfudag, og sé hann því fyrndur, og leiði það til sýknu stefnda. Um þetta sé vísað til Hrd. 1965, 124. Í málflutningi var fullyrt, að stefnda hefði ekki verið kunnugt um áritaðan gjalddaga fyrr en með stefnu.

Krafa um málskostnað sé reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

II.

Stefnandi hefur lagt fram víxil þann, sem dómkrafan er reist á, og er hann í samræmi við málavaxtalýsingu að öðru leyti en því, að þess er ekki getið, að á hann er ritað „Tryggingarvíxil“. Eins og víxillinn er lagður fram í málinu, fullnægir hann formskilyrðum 75. gr. laga nr. 93/1933.

Í málflutningi aðila kom fram, að óumdeilt er, að gjalddagi, 15. júní 1993, var skráður á víxilinn í júnímánuði 1993; hefur þetta atriði einnig stuðning í skjölum málsins. Stefnandi hefur lagt fram bréf, dags. 3. júní 1993, þar sem stefnda er tilkynnt, að gjalddagi hafi verið skráður á víxilinn. Engin skrifleg mótmæli hafa komið fram af hálfu stefnda við þessari tilkynningu, en lögmaður hans fullyrti í málflutningi, að það hefði ekki verið fyrr en við stefnu, sem stefndi hefði vitað, hvenær gjalddaginn var. Þannig er einnig óumdeilt, að víxillinn var gerður og gefinn út 28. desember 1990 og að þá var enginn gjalddagi skráður á hann.

Eiginvíxil, sem gjalddagi er ekki skráður á, en fullnægir að öðru leyti formskilyrðum 75. gr., sbr. 1. gr. víxillaga nr. 93/1933, er samkvæmt 2. mgr. 76. gr., sbr. 2. mgr. 2. gr. sömu laga, sýningarvíxil. Hefur slíkt skjal fullt víxilgildi.

Ef maður afhendir öðrum manni skjal, sem hann hefur ritað nafn sitt á, en er annars óútfyllt að einhverju leyti, svo að ekki er fullnægt formskilyrðum 1. gr., sbr. 75. gr. víxillaga nr. 93/1933, hefur slíkt skjal ekki víxilgildi. Það getur hins vegar orðið að víxli, og jafngildir afhending þess almennt umboði til handa móttakanda til þess að útfylla það í þeim tilgangi, sbr. 10. gr. víxillaga. Eftir útfyllingu hefur slíkt skjal víxilgildi.

Aðili, og gefur út skjal, sem að formi til er sýningarvíxil og hefur réttaráhrif sem slíkt, þykir mega treysta því, að það verði sýningarvíxil áfram, nema um annað hafi verið samið. Víxil sá, sem þetta mál snýst um, var að formi til sýningarvíxil, þar til gjalddagi var skráður á hann í júní 1993. Með útfyllingu gjalddaga á sýningarvíxil getur víxilhafi öðlast aukinn rétt umfram það, sem hann hafði, á meðan um sýningarvíxil var að ræða. Sönnun um, að eyðuútfylling hafi verið heimil, þykir því í slíku tilfelli hvíla á víxilhafa. Bréf lögmanns stefnanda frá 3. júní 1993 er ekki fullnægjandi sönnun um, að aðilar hafi samið um það, að stefnanda væri heimilt að setja gjalddaga á víxilinn, eftir að sýningarfrestur, sbr. 34. gr. víxillaga, var liðinn, og engin önnur gögn eru fram komin, sem benda til slíks samkomulags. Gegen mótmælum stefnda verður að treysta því í máli þessu, að um sýningarvíxil

hafi verið að ræða og að áritun gjalddaga á víxlinn af hálfu stefnanda hafi ekki réttarverkun, sbr. 69. gr. víxillaga.

Útgefandi eiginvixils er skuldbundinn með sama hætti og samþykkjandi vixils á hendur öðrum manni, sbr. 1. mgr. 78. gr. víxillaga, og glatast því ekki víxilréttur á hendur útgefanda eigin sýningarvixils, þótt hann sé ekki sýndur til greiðslu innan árs samkvæmt 34. gr. víxillaga, sbr. 1. mgr. 53. gr. og 77. gr. víxillaga. Kröfur samkvæmt vixlinum fynast á þremur árum samkvæmt 1. mgr. 70. gr. og 77. gr., sbr. 1. mgr. 78. gr. víxillaga miðað við gjalddaga eða lok sýningarfrests. Vixillinn var gefinn út 28. desember 1990. Stefna í máli þessu er birt 28. september 1993. Samkvæmt framansögðu er stefndi þá enn skuldbundinn samkvæmt vixlinum. Með þessum rökum eru kröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að dráttarvextir dæmast frá þingfestingardegi.

Málskostnaður ákveðst 75.000 kr. með hliðsjón af fram lögðum málskostnaðarreikningi og að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Dóminn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Kr. Guðmundsson, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf., 433.422 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. október 1993 til greiðsludags og 75.000 kr. í málskostnað.
